

Afmælisdílar í allan dag!

Bara á nova.is fyrir alla hjá Nova.
Engin röð og endalaus gleði!

10.000
króna
afsl.

Apple
iPhone 13
128GB
149.990 kr.
~~159.990 kr.~~

5G

20.000
króna
afsl.

eSIM

Apple
Watch Series
6 LTE 40mm
69.990 kr.
~~89.990 kr.~~

Úrlausn
fylgir!

NOVA

Fleiri rafskútur á nova.is!



Frí heimsending

Power
**Zero 10x
Rafskúta**
179.990 kr.
~~214.990 kr.~~

35.000 króna afsl.



Frí heimsending

Xiaomi
Rafskúta 1S
47.990 kr.
~~62.990 kr.~~

15.000 króna afsl.

Tilboðin gilda á nova.is til miðnættis miðvikudaginn 1. desember

Spjalltæki!

Snjalltækjum fylgir ekki tilkynninga-skylda. Prófaðu að slökkva á öllu þessu áreiti og finndu frelsið sem fylgir lífi án rauðu deplanna.

Vertu á staðnum.





20.000 króna afsl.

5G

Samsung
**Galaxy S21+
128GB**
165.990 kr.
~~185.990 kr.~~



**Kaup-
auki**

Samsung Galaxy Tab A7 Lite
að verðmæti 29.990 kr.

Úrlausn hjá Nova!

Með Úrlausn getur þú skilið símann eftir heima, farið út að leika og fundið þitt fullkomna sím-zen!



Úrlausn fylgir!

eSIM

Apple
**Watch 5
LTE 44mm**
49.990 kr.
~~69.990 kr.~~

20.000 króna afsl.



Úrlausn fylgir!

eSIM

Apple
**Watch SE
LTE 40mm**
61.990 kr.
~~66.990 kr.~~

5.000 króna afsl.

Fleiri dúndur dýlar á nova.is fyrir alla hjá Nova!



Fjórar máltíðir á 5.990 kr.

Sæktu Nova Appið!

MatarKlipp NOVA

Sigraðu hungrið með Matarklipp!

HAMB ORGARA FABRIK KAN

SAFFRAN

American Style

Eld Smíðjan

shake & pizza

pítan

BLACKBOX

Skannaðu mig!

Bíókort NOVA

Allskonar greiðslumöguleikar!

Með Aur, Netgíró eða Borgun.



BORGUN



netgíró

Besti díllinn!



FRÉTTABLAÐIÐ

335. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 1. DESEMBER 2021

Flestar varphænur með brot í bringu

Líkur standa til að 50-90 prósent íslenskra varphæna beri skaða. Þjást af beinþynningu þar sem kalkið fer um of í framleiðslu á eggjaskurn.

elinhirst@frettabladid.is

DÝRAVERND „Þetta er sársaukafullt fyrir hænuna, þetta er beinbrot,“ segir Brigitte Brugger, dýralæknir hjá Matvælastofnun (MAST). Þar á bæ er talið að bringubeinsskaði í varphænum sé vandamál hérlendis líkt og komið hafi í ljós víða erlendis að undanfögnu.

„Það er verið að rannsaka hvaða áhrif þetta hefur á dýrin,“ segir Brigitte. Erlendar rannsóknir sýni að 50 til 90 prósent varphæna séu með brotin eða óeðlileg bringubein því þær séu látnar verpa mikið og líka vegna þess hve stór eggin séu.

Brigitte er í evrópskum rannsóknarhópi þar sem málið kom upp. „Við ákváðum því að athuga í reglubundnu eftirliti hvernig staðan væri hér á landi. Erlenda rannsóknin sýndi að þetta er mjög algengt og því miður er mjög líklegt að það sama gildi hér á landi, þótt niðurstöður úr rannsókni liggi ekki fyrir,“ segir Brigitte. Hér sé sama tegund af varphænum, aðstæður hér sam-bærilegar og þær verpi jafn mikið.

Hæna sem gengur laus eða er villt verpir um 20 eggjum á ári.

„Varphænur í matvælaframleiðslu verpa hins vegar 300 eggjum

”
Það er verið að rann-saka hvaða áhrif þetta hefur á dýrin.



Brigitte Brugger, dýralæknir hjá MAST

á ári, þannig að þetta er gríðarlegt álag á dýrið,“ segir Brigitte.

Að hennar sögn orsakast bringubeinsskaðinn meðal annars af því að hænurnar þjást af beinþynn-ingu, því svo mikið af kalki dýrsins fer í myndun á skurninni utan um eggin og beinin verða því brothætt-ari. Dönsk rannsókn sýni að stærð eggjanna sem hænurnar verpa hafi vaxið mjög til þess að sem mestar afurðir fái-st. Bringubeinin þoli ekki þessi stóru egg og brotni.

Brigitte segir mikið af rannsókn-um í gangi vegna þess og skoðað sé hvernig draga megi úr skaðanum.

Þá segir hún til skoðunar hvern-ig breyta megi innréttingum svo varphænur eigi auðveldara með að hreyfa sig án þess að fljúga á. Einnig fylgist MAST með öðrum leiðbein-ingum og rannsóknum. ■



Hnotubrjóturinn var frumsýndur í gærkvöld í Borgarleikhúsinu í uppfærslu Dansgarðsins, Klassíska listdanskólans og Óskanda. Blandað er saman nútímalistdansi og klassískum ballett og vakti það hrifningu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Persónulegar upplýsingar láku aftur með tölvupósti Vinnumálastofnunar

PERSÓNUVERND Borist hefur erindi til Persónuverndar um öryggisbrest í meðferð persónuupplýsinga hjá Vinnumálastofnun (VMST), í annað sinn á þessu ári.

Í júní var tölvupóstföngum skjöl-stæðinga lekið í fjölpósti sem varð-aði endurupptöku umsókna um greiðslur í sóttkví. Í október varð annar brestur af sama toga þar sem tölvupóstföngum enskumælandi skjölstæðinga var lekið í fjölpósti sem varðaði geðheilsumál.

Fimm dögum seinna sendi Vinnumálastofnun út afsökunarbeiðni.

„Þessi tölvupóstur var sendur á enskumælandi notendur og mun örugglega hafa áhrif á traust fólks til íslenskra ríkisstofnana,“ segir einstaklingur sem varð fyrir lek-anum, og bætir við að málið sé mjög óþægilegt. Einnig hafi óvar-lega verið farið með persónuupp-lýsingar í Facebook-hópum á vegum VMST, sem notaðir voru í hópvinnu í tengslum við sértæk úrræði. SJÁ SIÐU 6



Gjafakort Þjóðleikhússins



leikhusid.is



Jón Baldvin við aðalmeðferð í mál-
inu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mál Jóns Baldvins fer til Landsréttar

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur tekið ákvörðun um að áfrýja sýknu-
dómi yfir Jóni Baldvin Hannibals-
syni, fyrrverandi sendiherra og ráð-
herra, til Landsréttar.

Í síðasta mánuði sýknaði Héraðs-
dómur Reykjavíkur Jón Baldvin af
ákæru fyrir kynferðislega áreitni á
Spáni sumarið 2018.

Í ákæru var hann sakaður um að
hafa strokið Carmen Jóhannsdóttur
„utan klæða upp og niður eftir rassi“
á heimili hans og Bryndísar Schram
í Andalúsiu sumarið 2018.

Jón Baldvin var sýknaður vegna
sönnunarskorts, en eindregin
neitun hans var studd framburði
tveggja vitna.

Vitnisburðir Carmenar og móður
hennar séu hins vegar „um sumt“
ósamrýmanlegir. Þá fái vitnisburð-
ur Carmenar ekki þá stöð sem þarf
af öðrum vitnisburði eða gögnum
málsins svo að hægt sé að nota hann
til grundvallar niðurstöðu í málinu,
gegn neitun Jóns Baldvins. ■

Smíði hafin á nýjum björgunarskipum



Tilkynnt var á blaðamannafundi í Hörpu í gær að smíði væri hafin á þremur nýjum björgunarskipum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Borghildur Fjóla Krist-
jánsdóttir, varaformaður Landsbjargar, sagði að markmiðið væri að smíða alls þrettán skip. Hvert skip kostar 285 milljónir króna. Eldra skip, sem til stendur
að selja í náinni framtíð, sigldi um á bak við Borghildi Fjólu meðan á fundinum stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sprengja fannst í ruslagámi í nágrenni við bústað bandaríska sendiherrans

bth@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Hluturinn sem fannst
í ruslagámi við Mánaútún aðfaranótt
mánudags er sprengja. Bústaður
bandaríska sendiherrans er í næsta
húsi við gáminn sem geymdi
sprengjuna. Lögreglan hefur ekki
viljað svara því hvort talið sé að
sprengjan hafi verið ætluð sendi-
herranum en heimildir blaðsins
herma að fundað hafi verið í stjórn-
kerfinu vegna mögulegra tengsla við
sendiherrabústaðinn.

Fréttablaðið greindi frá því í gær
að sérsveit ríkislögreglustjóra hefði
verið kölluð út vegna málsins og var
lögregla á vettvangi með talsverðan
viðbúnað sem stóð yfir í nokkrar
klukkustundir.

Þrír voru handteknir vegna máls-



Sérsveitin var kölluð út í fyrrinótt,
myndin er úr safni.

ins í gærmorgun en þegar Frétta-
blaðið fór í prentun lá ekki fyrir
hvort farið yrði fram á gæsluvarð-
hald yfir þeim. Rannsókn málsins er
enn á frumstigi. Íbúar í hverfinu, sem
Fréttablaðið ræddi við, sögðust ekki
hafa orðið fyrir sérstakri truflun
vegna aðgerðanna. ■

Fyrrverandi ráðherrar harma tímamót í Norðausturkjördæmi

Í fyrsta sinn í núverandi kjör-
dæmaskipan hefur Norðaustur-
kjördæmi engan ráðherra.
Fyrrverandi ráðherrar harma
þetta og telja jafnvægi milli
landsbyggðar og höfuðborgar
ekki síður mikilvægt en jafn-
vægi milli kynja.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Fyrrverandi ráðherrar
Norðausturkjördæmis telja það
dapurt að kjördæmið sé í fyrsta sinn
án ráðherra. Eins og Fréttablaðið
greindi frá í gær eru tíu af tólf ráð-
herrum á höfuðborgarsvæðinu og
tveir nálægt því.

„Mér finnst þetta ekki gott,“ segir
Valgerður Sverrisdóttir, sem var
meðal annars utanríkisráðherra
fyrir Framsóknarflokkinn.

Kom það mörgum á óvart að Ingi-
björg Isaksen, oddviti flokksins,
yrði ekki ráðherra í ljósi þess að
hafa unnið stærsta kosningasigur
landsins. „Það er ekki algengt að nýir
þingmenn séu settir beint í ráðherra-
stól,“ segir Valgerður. Hún segist þó
ekki efast um að bæði hún og Stefán
Vagn Stefánsson, nýr oddviti í Norð-
vesturkjördæmi, verði ráðherrar í
framtíðinni.

„Þetta er ljóður á ríkisstjórninni
og nálægt því að vera vanvirðing
við íbúa landsbyggðarinnar,“ segir
Kristján L. Möller, fyrrverandi sam-
gönguráðherra Samfylkingarinnar.
„Jafnrétti á að vera á öllum sviðum,
ekki aðeins milli karla og kvenna,
heldur til dæmis milli höfuðborgar
og landsbyggðar.“

Bendir hann á að fjárlög séu gerð
af ráðherrum og um þau sé fjallað í
ríkisstjórn áður en þau eru lögð fyrir
Alþingi. Sáralitlar breytingar séu
gerðar eftir það og því skipti þetta
mjög miklu.

„Það er hætta á því að málefni
landsbyggðarinnar verði undir,“



Valgerður Sverrisdóttir var meðal annars utanríkisráðherra. Á myndinni má
sjá tvo aðra fyrrverandi ráðherra frá norðausturhorninu, Jón Kristjánsson og
Halldór Blöndal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Þetta er ljóður á ríkis-
stjórninni og nálægt
því að vera vanvirðing
við íbúa landsbyggðar-
innar.**



Kristján L.
Möller, fyrrver-
andi samgöngu-
ráðherra

segir Kristján. „Bygðamál eru rædd
í ríkisstjórn og ráðherrar úr lands-
byggðarkjördæmum koma inn með
önnur sjónarmið en ráðherrar af
höfuðborgarsvæðinu.“


„Að sjálfsögðu hefði það verið

betra ef þannig tekst til,“ segir Stein-
grímur J. Sigfússon, sem gegndi
mörgum ráðherraembættum, þar
á meðal í fjármálaráðuneytinu,
aðspurður hvort ekki væri betra
að hafa stólana dreifða um landið.
Eins og Valgerður bendir hann þó á
að mikið sé um nýliðun og þetta sé
vonandi tímabundið ástand. Þetta
séu þó vissulega tímamót fyrir kjör-
dæmið.

Steingrímur tekur einnig undir
með Kristjáni að jafnrétti milli
landsbyggðar og höfuðborgar sé ekki
síður mikilvægt en milli kynja. Eftir
eigi þó að skipa nefndarformenn og
fleiri stöður sem skipti máli.

„Mér líkar vel við margt af því sem
lýtur að bygðamálum í stjórnar-
sáttmálanum,“ segir Steingrímur og
nefnir sérstaklega að vinna eigi með
stöðu Akureyrar sem nokkurs konar
svæðishöfuðborgar. Þá segir hann
þingmannahóp Norðausturkjör-
dæmis öflugan og hafa alltaf staðið
þétt saman. ■

Allt fyrir veisluna á einum stað
Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



PARTÝBÚÐIN
FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S: 534-0534
WWW.PARTYBUDIN.IS

FRUMSÝNING UM HELGINA

Nýr MG ZS EV

Nýtt útlit og 440 km drægni



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 72 kWh Luxury

440 km drægni*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð: 5.490.000 kr.

mgmotor.is

Recharge yourself



Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgefnar tölur um drægni taka m.b. af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vegna hefur áhrif á drægni rafbílla. ENNEFM / SJA / NMO08554



Fátækar fjölskyldur njóta starfsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stafrænt dagatal fyrir jólin vegna hjálparsöfnunar

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Dagatal SOS barnaþorpa, Öðruvísi jóladagatal, hringir inn jólin sjötta árið í röð. Í stað þess að opna nýjan glugga á hverjum degi og fá súkkulaðimola eða aðrar gjafir að launum þá leynast stutt myndbönd á bak við hvern glugga þar sem þátttakendur fá að kynna börnum sem búa viðs vegar um heiminn, aðstæðum þeirra og menningu.

Myndböndin hafa fengið þúsundir áhorfa og fylgja nokkrar spurningar sem hvetja þátttakendur til að íhuga efni hvers dags.

Þeir sem vilja geta tekið þátt í stafapraut dagatalsins en þá svara þeir léttari spurningu og fá 1-2 bókstafi að launum. Stöfunum þarf svo að raða í rétta röð til að finna lausnina.

Samhliða dagatalinu eru SOS barnaþorpin að fara af stað með söfnun og fer upphæðin sem safnast til Malaví til að hjálpa sárafatækum barnafjölskyldum. ■

Halli Strætó bs. hundruð milljóna

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Rekstrarafkoma Strætó fyrstu níu mánuði ársins er 389 milljónum krónum undir áætlun. Farþegatekjur voru 72 milljónum krónum lægri en áætlað var.

Þetta kemur fram í níu mánaða uppgjöri félagsins sem kynnt var á stjórnarfundum í síðustu viku. Tekjurnar skýrast fyrst og fremst af lægra Covid-framlagi frá stjórnvöldum, minni umsvifum í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og farþegatekjum. Þó munar tæpum hálfum milljarði á rekstrargjöldum sem koma til vegna aðhaldsaðgerða og minni umsvifa í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. ■

Áhyggjur af gömlum húsum vegna Borgarlínu

arib@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Íbúar í Hafnarfirði hafa lýst yfir áhyggjum vegna deiliskipulagsbreytingar sem gerir ráð fyrir að hægt verði að fjarlægja eða rífa húsaröð vestan við Reykjavíkurveg til að breikka veg fyrir Borgarlínu.

Íbúar hafa verið hvattir til að mótmæla áformunum þar sem húsin séu mikilvægur hluti heildarmyndar svæðisins. Í gær var síðasti dagur þar



Húsin standa við Reykjavíkurveg.

sem hægt var að skila inn athugasemdum vegna skipulagsins.

„Tillagan er í umsagnarferli sem

átti að renna út í dag [í gær] en það var ákveðið að framlengja frestinn um eina viku út af umræðunni sem hefur sprottið upp um Reykjavíkurvegin svo fólk hafi tækifæri á að skoða þetta betur,” segir Ólafur Ingi Tómasson, formaður byggingar- og skipulagsráðs Hafnarfjarðarbæjar. „Við erum ekki búin að sjá allar athugasemdir frá íbúum ennþá,” bætir hann við.

„Ein leiðin er sú að Borgarlínan aki í blandaðri umferð, önnur að þriðju akreininni verði bætt við þar

sem Borgarlínan verði í einstefnu og skipulögd svo að þær séu ekki að mætast,” segir hann. „Síðan er leiðin að breikka götuna þannig að það verði einnig pláss fyrir hjólandi og gangandi.“ Ólafur segir að enn sé verið að útfæra hugmyndirnar og að áhyggjur fólks yfir húsunum við Reykjavíkurvegin verði ekki endilega að veruleika. ■

Nánar á frettabladid.is

Jóhann tapar og horfir til hæstaréttar

Áfrýjunardómstóll í Kaliforníu hefur staðfest ákvörðun fyrri dómstóls um að vísa frá lagastuldarmáli Jóhanns Helgasonar. Lögmaður hans segir bæði hægt að leita með málið aftur fyrir áfrýjunardómstólinn og beint til Hæstaréttar Bandaríkjanna sem sé vænlegri kostur.

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL „Við unnum og við töpuðum,” segir Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar í Bandaríkjunum, um niðurstöðu áfrýjunardómstóls í Kaliforníu vegna lagastuldarmálsins um lögin Söknuð og Your Raise Me Up.

Áfrýjunardómstóllinn staðfesti í fyrradag niðurstöðu fyrri dómstóls í Los Angeles um að vísa máli Jóhanns frá en jafnframt hafna kröfu andstæðinga hans um að hann greiddi þeim 323 þúsund dollara í málkostnað.

Machat segir lykilatriðið hafa snúist um hvort dómstóllinn í Los Angeles ætti að hætta að styðjast við svokallaða „extrinsic“ prófun við mat á líkindum tónlistar og taka upp próf hins almenna hlustanda sem sambærilegur dómstóll í New York notar.

Dómstóllinn í Los Angeles dæmdi greinargerð tónlistarfræðings Jóhanns Helgasonar í heilu lagi úr leik því þar væri ekki að finna prófun þar sem Söknuður og You Raise Me Up væru borin saman við nótnablöð eldri lagasmíða til að greina að hversu miklu leyti þau gætu talist sjálfstæð verk sem varin væru með höfundarrétti.

Dómstóllinn í New York styðst ekki við „extrinsic“ prófun þegar kemur að tónlist heldur byggir matið þar á beinum samanburði á verkunum sjálfum eins og þau hljóma. Machat hélt því einmitt



Söknuður eftir Jóhann Helgason við texta Vilhjálms Vilhjálms-sonar kom út á plötu þess síðarnefnda árið 1977.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Það lítur út fyrir að ef við hefðum rekið málið fyrir dómstólnum í New York þá hefði niðurstaðan verið alveg öfug við þá sem við fengum í Los Angeles.



Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar

fram við meðferð málsins í Kaliforníu að New York-aðferðafræðin væri sú rétta fyrir tónlist en áfrýjunardómstóllinn segist ekki hafa heimildir til að víkja frá dómvenju við dómstólinn í Los Angeles nema að fyrir liggi fordæmi frá Hæstarétti Bandaríkjanna.

Machat segir þetta ósamræmi geta dugað til að hæstiréttur verði við ósk um að taka málið fyrir. Því fer þó fjarri að þar sé á vísan að róa því hæstiréttur tekur að hans sögn aðeins fyrir um áttatíu mál á ári. Þar af tengist um helmingur þeirra ríkisvaldinu.

„Þau hafa aftur á móti áhuga á að taka fyrir mál sem varða samræmi eða skort á samræmi í lögum innan Bandaríkjanna,” segir Machat sem kveðst hafa kynnt sér dómsniðurstöður í sambærilegum málum fyrir dómstólnum í New York.

„Það lítur út fyrir að ef við hefðum rekið málið fyrir dómstólnum í

New York þá hefði niðurstaðan verið alveg öfug við þá sem við fengum í Los Angeles. Þetta er eitt af því sem hæstiréttur leitast við að forðast og er ástæða þess að ég tel að við gætum fangað athygli þeirra og fengið samþykki fyrir því að taka málið fyrir,” heldur Machat áfram.

Lögmaðurinn undirstrikar að jafnvel þótt hæstiréttur tæki mál Jóhanns fyrir og hann myndi vinna fengi hann þar með aðeins rétt til að bera málið undir kvíddóm – eins og ætlunin var í upphafi en ekki fékkst því málinu var vísað frá. „Og þá gætum við enn tapað – eða við gætum unnið,” bendir hann á.

Annar möguleiki fyrir Jóhann væri að leita aftur til áfrýjunardómstólsins og þá til að bera málið undir ellefu dómara í stað þriggja sem nú hafa afgreitt málið en Machat segir að jafnvel þótt það yrði samþykkt væri ólíklegt að sá dómstóll myndi breyta niðurstöðu sinni. ■

Það þarf örugga tengingu þegar mannslíf eru í húfi

LANDHELGISGÆSLAN ER HJÁ VODAFONE
Því stjórnkerfi okkar er með víðtækustu öryggisvottun íslenskra fjarSKIPTAFÉLAGA.

Fyrirtæki eru betur tengd með Vodafone

Hreyfðu við heiminum.

IONIQ 5

100% rafmagn.



Hvað finnst þér mikilvægast í heimi? Markmiðin, fjölskyldan, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú dregur 481 km. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína örugglega hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.



Hyundai IONIQ 5. Verð frá: 5.990.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Troðfull verslun af
merkjavöru frá
eftirtöldum
verslunum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda
Kringlunni 552 8600

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

HANZ
KRINGLUNNI
567 0120

ENGLABÖRNIN
falleg fót á stelpur og stráka...
KRINGLUNNI
552 2201



Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur

30-60%
afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Ópið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Skoðun

Helgi Vifill
Júlíusson

Létti undir með
hinu opinbera
í innviðum

Það er fagnaðarefni að ný ríkisstjórn horfi til þess að lífeyrissjóðir – og vonandi aðrir fagfjárfestar – eigi þess kost að taka þátt í innviðafjárfestingum. Það er skynsamlegt skref til að fá fleiri að borði til að fjármagna þá uppbyggingu. Tækifærin eru víða enda er uppsöfnuð viðhaldsþörf 420 milljarðar, samkvæmt úttekt Samtaka iðnaðarins, og þar er ekki horft til nýrra verkefna.

Öflugir innviðir leggja grunn að samkeppnishæfni þjóða. Fjárfesting í innviðum styður við hagvöxt, fjölgar störfum, bætir lífskjör og eykur framleiðni hins opinbera og einka-geirans, samkvæmt skýrslu OECD. Það er því þarft að huga vel að innviðum. Í samanburði við flest ríki stendur Ísland þar vel að vígi en hægt er að gera betur.

Samstarf við einkaaðila gerir það að verkum að hægt er að flýta uppbyggingu og leiðir til þess að stjórnvöld geti veitt minni fjármunum í hana. Við það skapast svigrúm til að bæta grunnþjónustu og draga úr halla ríkissjóðs – sem er ærin.

Því miður hafa ýmsir lagt sig í líma við að halda á lofti pólitískum kreddum sem nágrannabjóðir okkar hafa sett til hliðar um að hið opinbera annist alla þessa uppbyggingu. Það yrði okkur dýrkeypt; farið yrði hægar í uppbyggingu og ríkissjóður yrði skuldsettari sem gæti leitt til skattahækkana þegar fram í sækir. Rannsóknir sýna jafnframt að þegar skuldetning stærri ríkja fer yfir 60-70 prósent af landsframleiðslu byrjar það að hamla hagvexti. Lítið hagkerfi eins og Ísland verður að standa betur að vígi en þau stóru til að laða að erlenda fjárfesta og halda fjármagni í hagkerfinu.

Þekkt er að ýmiss konar vegagerð hentar vel sem framkvæmdir á vegum einkaaðila. Á meðal kosta þeirra er að líklegt er að kostnaðaráðhald verði meira. Það ætti einnig að vinna að því að selja hluta af Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsneti og skrá á hluta-bréfamarkað. Við það er hægt að innleysa háar fjárhæðir sem nýtast í þarfari verkefni og reksturinn myndi njóta góðs af eftirliti frá einkafjárfestum. Þetta er þekkt leið. ■

Mikil tækifæri til að fá fjármagn frá
öðrum áttum í innviði hér á landi

Viðskiptaráð Íslands telur mikilvægt að skoða eignarhald á innviðafyrirtækjum og þá sérstaklega hvort tækifæri felist í því að lífeyrissjóðir fjárfesti í innviðafyrirtækjum í meiri mæli.

magdalena@frettabladid.is

Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir skynsamlegt að skoða eignarhald á innviðafyrirtækjum og hafa þar til hliðsjónar fyrirmyndir frá Norðurlöndunum.

„Við teljum að aðhald frá einkaaðilum sé af hinu góða og það virðist vera sú niðurstaða sem til dæmis Norðmenn hafi komist að í þessum efnunum, þar sem sjá má mun fjölbreyttara eignarhald á innviðum,“ segir Svanhildur og bætir við að umræða um þessi mál hafi ætíð verið viðkvæm, ekki síst pólitískt.

„Einhverra hluta vegna erum við í íhaldssamari kantinum þegar kemur að sölu á innviðum og fólk hefur margs konar áhyggjur því tengt. En í því samhengi má benda á að það er hægt að setja ýmiss konar skilyrði við slíka sölu, bæði um það hversu mikið er losað af eignarhaldi ríkisins og sömuleiðis um það hverjir gætu eignast hlut í fyrirtækjum sem við skilgreinum sem mikilvæga innviði.“

Hún bætir við að því fylgi margir kostir að eignarhald sé fjölbreytt. „Ef við erum að tala um skráningu á markað sé ég hana sem mjög jákvæða, til dæmis til að fá markaðsverð á eignir ríkisins. Svo er almennt gott að fá fleiri augu inn í reksturinn því það veitir aðhald. Því til stuðnings má benda á jákvæðar breytingar í rekstri ýmissa fyrirtækja gegnum tíðina eftir að eignarhaldið færðist frá hinu opinbera til einkaaðila.“

Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs,



Aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir það geta verið hagfellt fyrir ríkið að fá lífeyrissjóðina í innviðafjárfestingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

Ekki margar eignir sem hegða sér eins og innviðir

Ómar Tryggvason, framkvæmdastjóri Innviðafjár fjárfestinga, innviðasjóðs sem fjármagnaður er af lífeyrissjóðum, segir að út frá skuldbindingu lífeyrissjóða henti efnahagslegir innviðir mjög vel sem fjárfestingakostur og það sé líklega þess vegna sem víða í heiminum séu lífeyrissjóðir fjárfestar í innviðum.

„Frá sjónarhorni lífeyrissjóða eru skuldbindingar þeirra mjög langt greiðslufleði og því fylgja

fastir vextir. Í raunveruleikanum verða hreyfingar á verðlagi, vöxtum og fleiri þáttum. Þetta fer í langa skuldbindingu og það eru einfaldlega ekki margar eignir sem hegða sér eins og innviðir,“ segir Ómar og bætir við að innviðir séu með greiðslufleði til langs tíma. „Þess vegna, út frá skuldbindingum lífeyrissjóða, henta innviðir mjög vel. Fjárfesting í innviðum, óháð því hver gerir það, er síðan forsenda hagsældar.“

segir að mikil tækifæri felist í því að fá fjármagn úr öðrum áttum í innviðafjárfestingar heldur en endilega beint frá ríkinu.

„Ríkið veitir einfaldlega ekki sama aðhald og aðrir fjárfestar því ríkið verður seint gjaldþrota en þegar þú færð fjárfesta að borðinu sem hafa ekki þann lúxus þá koma þeir með nýja sýn og aðrar hugmyndir inn í reksturinn,“ segir

Konráð og bætir við að það sé mjög hollt fyrir hvaða rekstur sem er að fá fjölbreyttan hóp fjárfesta að borðinu og hið sama gildi um innviðafjárfestingar.

„Auðvitað eru innviðir ólíkir mörgu öðru og stundum getur verið náttúruleg einokun en það er hægt að koma til móts við það í gegnum regluverk.“ Hann segir jafnframt að andstaða Íslendinga gagnvart inn-

Horfa til skattalækkana á kjörtímabilinu

magdalena@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir í samtali við Markaðinn að samið hafi verið um í stjórnarsáttmálanum að horfa til frekari skattalækkana á kjörtímabilinu í samræmi við þróun ríkisfjármála.

„Við höfum lækkað skatta umtalsvert á kjörtímabilinu, og nú um áramótin tekur gildi lokaáfangi lækkunar á tekjuskatti einstaklinga sem alls skilar heimilunum 23 milljarða hærri ráðstöfunartekjum á ári. Breytingarnar skila mestu til tekjulægri, en fólk með mánaðarlaun á bilinu 350-400 þúsund krónur hefur um 120 þús-

und krónum meira milli handanna á ári vegna þeirra. Auk þess hefur tryggingagjald lækkað, skerðingar-mörk og fjárhæðir bóta hækkað og skattleysismörk erfðafjár- og fjármagnstekjuskatts hækkað verulega. Fjölmargir skattalegir hvatar hafa verið innleiddir til að blása auknum krafti í atvinnulífið og auka þátttöku almennings. Áfram mætti lengi telja.“

Hann bætir við að hann sé bjartsýnn á að gott samráð náist við aðila vinnumarkaðarins á komandi mánuðum. „Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að setja stöðugleikann og þau lífskjör sem hefur tekist að verja í gegnum heimsfaraldurinn ekki í uppnám,“



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

segir hann og bætir við að samspil hagstjórnar skipti miklu máli.

„Þar spila saman opinberu fjármálin, stjórn tækin í Seðlabankanum til að halda verðbólgu sem næst markmiði og svo er það aðila vinnumarkaðarins að tryggja að launahækkanir séu í samræmi við efnahagslegan stöðugleika.“

Hann segir jafnframt að það

standi til að sameina stofnanir á kjörtímabilinu og auka með því skilvirkni og samlegð.

„Í mínum huga er það algjört forgangsmál að nýta krafta stjórnarráðsins sem best í verkefni sem blasa við. Þannig hristum við talsvert upp í ráðuneyttisskipan á nýju kjörtímabili, auk þess sem við horfum til þess í stjórnarsáttmálanum að sameina stofnanir og auka þannig skilvirkni og samlegð. Í fjárlagafrumvarpinu gerum við auk þess ráð fyrir um 1,5 milljarða fjárfestingu í Stafrænu Íslandi á næsta ári. Þar erum við með skýra sýn um að gjörbylta opinberri þjónustu þannig að hún verði bæði hagkvæmari, skilvirkari og aðgengilegri fyrir alla.“ ■



Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

FENDI

ROMA

Dagatalið 2022 er komið út

Eimskipafélag Íslands hefur gefið út dagatal að heita má óslitið frá 1928. Nýjasta dagatalið prýða ljósmyndir eftir Arnar Kristjánsson og Simona Buratti sem fanga íslenskra náttúru á einstakan hátt.

Hægt er að nálgast dagatalið á afgreiðslustöðum Eimskips um land allt.

Eimskip | Sundabakka 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | www.eimskip.is



Fagnaðarefni fyrir nýsköpun og hugverkaiðnað

magdalena@frettabladid.is

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs hjá Samtökum iðnaðarins, segir nýjan stjórnarsáttmála vera mikið fagnaðarefni fyrir nýsköpun og hugverkaiðnað í landinu.

„Ný ríkisstjórn setur fram öfluga framtíðarsýn og uppskeran verður ríkuleg. Með þeim aðgerðum sem kynntar eru í stjórnarsáttmálanum og breytingum á skipulagi stjórnarráðsins er hugverkaiðnaður formlega festur í sessi sem fjórða stoðin í verðmætasköpun á Íslandi. Það eru stórkostleg tíðindi enda hefur hugverkaiðnaður nú alla burði til að vaxa enn frekar á komandi miss-erum og árum,“ segir Sigríður og bætir við að tími uppskeru sé fram undan í hugverkaiðnaði.

”

Ný ríkisstjórn setur fram öfluga framtíðarsýn og uppskeran verður ríkuleg.



Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar og hugverkasviðs hjá SI

„En mestu máli skiptir að festa á í sessi hvata vegna fjárfestinga í rannsóknum og þróun og liðka fyrir komu sérfræðinga hingað til lands. Stjórnvöld eru með þessu að veðja á nýsköpun og það er nauðsynlegt og skynsamlegt veðmál.“

Hún segir jafnframt að þessi mikla áhersla nýrrar ríkisstjórnar á nýsköpun í iðnaði þýði að við sjáum fram á aukna verðmætasköpun og minni sveiflur í efnahagslífinu til framtíðar.

„Landsmenn allir hljóta að fagna þessu enda mun vöxtur hugverkaiðnaðar draga úr sveiflum í þjóðarbúinu og efnahagskerfinu og leiða til þess að hér verða til ný og verðmæt störf og auknar útflutnings-tekjur til framtíðar. Þannig munu lífsgæði landsmanna að öðru óbreyttu aukast varanlega.“ ■

Helmingur keypti á netinu á viku

Um 70 prósent landsmanna keyptu síðast af innlendri netverslun. Það er sambærilegt hlutfall og í Danmörku.

helgivifill@frettabladid.is

Íslendingar versla á netinu í svipuðum mæli og Danir. Fyrir Covid-19 stóðum við þeim töluvert að baki í netverslun. Samkvæmt Netverslunarpúlsum versla 47 prósent þjóðarinnar á netinu á sjö daga tímabili. Hlutfallið er enn hærra þegar litið er til aldurshópsins 25 til 34 ára, eða 64 prósent. Þetta segir Trausti Heiðar Haraldsson, framkvæmdastjóri PróSENTS, í samtali við Markaðinn.

PróSENT heldur utan um Netverslunarpúlshinn í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar og Samtök verslunar og þjónustu. 200 svörum frá fólki eldra en 18 ára er safnað í hverjum mánuði. Gagnasöfnunin hófst í mars og hefur yfir 1.900 svörum verið safnað. Mælingarnar byggja á sænskum og dönskum fyrirmyndum.

Trausti segir að fyrir fáeinum árum hafi fólk einkum verslað við erlendar netverslanir. Samkvæmt Netpúlshinum keyptu 70 prósent landsmanna síðast af innlendri netverslun. Það sé sambærilegt hlutfall og í Danmörku. „Sama þróun hefur átt sér stað í Danmörku, innlend netverslun fer þar vaxandi á kostnað erlendar netverslunar,“ segir hann.

Að sögn Trausta eru tækifæri fyrir innlenda netverslun að auka vöruúrvalið til að fanga stærra hlutfall af söluinni vegna þess að helsta ástæða þess að Íslendingar kaupi af erlendum netverslunum sé að varan fékkst ekki hér á landi.

Stærstu netverslanir landsins eru, samkvæmt Netpúlshinum, Domino's, Heimkaup, Tix.is, Elko og Eldum rétt. Þær vinsælustu á erlendri grundu eru Amazon, AliExpress, Asos, eBay og Boozt. „Salan dreifist vel á milli netverslana,“ segir Trausti Heiðar.


Samkvæmt könnuninni keyptu 77 prósent landsmanna síðast vöru á netinu en 23 prósent nefndu þjónustu. Meðalfjárhæð kaupa var 18.700 krónur. „Íslendingar keyptu mun meiri af þjónustu en vörum frá Bandaríkjunum,“ segir Trausti Heiðar og nefnir í því samhengi til dæmis áskriftir að Netflix og ýmsum öðrum streymisveitum.

Barnafjölskyldur versla meira á netinu, samkvæmt Netpúlshinum, eða um 58 prósent á einni viku. „Foreldrar barna hafa minni tíma til að fara í verslanir,“ bendir Trausti á.

Konur versla meira á netinu en



Hvernig vara eða þjónusta var keypt á netinu síðastliðna viku?



Heimild: PróSENT

”

Sama þróun hefur átt sér stað í Danmörku, innlend netverslun fer þar vaxandi á kostnað erlendar netverslunar.




Trausti Heiðar Haraldsson, framkvæmdastjóri PróSENTS

karlar. Konur höfðu keypt í 51 prósenti tilvika á netinu í liðinni viku en karlar í 43 prósentum tilvika.

„Það kemur á óvart að landsbyggðin versli minna á netinu en

Hversu oft er keypt á netinu?



Heimild: PróSENT

Um fjórðungur hyggst versla meira á netinu

Um fjórðungur þjóðarinnar hyggst versla meira á netinu á næstu tólf mánuðum en 8 prósent ætla að versla minna. „Þeir sem stefna á að draga saman seglin varðandi kaup á netinu eru einkum þeir sem eldri eru. Aldurshópurinn 35-44 hyggst versla 28 prósentum meira á netinu á næstu mánuðum en það er sá aldur sem verslar hvað mest á netinu. Af þeim sökum má búast við mestri tekjuaukningunni ef sá hópur eykur við kaup sín,“ segir Trausti

íbúar höfuðborgarsvæðisins í ljósi þess að þar er minna úrval af verslunum,“ segir Trausti og bendir á að hlutfall Reykvíkinga sem keyptu á netinu í liðinni viku hafi verið 51 prósent, 45 prósent hjá þeim sem búi í nágrennasveitarfélögum en 43 prósent á landsbyggðinni.

Trausti segir að fólk versli að meðaltali 30 daga á ári á netinu eða 2,5 sinnum í mánuði. Mest hafi verið keypt af skjundibita og mat af veitingahúsum eða í 20 prósentum til-

vika, fatnaði í 20 prósentum tilvika, matvöru og dagvöru í 14 prósentum tilvika, snryttivörur, heilsu og lyf í 12 prósentum tilvika, menningu og upplifun í 9 prósentum tilvika, ferðalög í 8 prósentum tilvika, raftæki í 7 prósentum tilvika og íþrótt- og frístundavörur í 6 prósentum tilvika.

Hann vekur athygli á því að einhleypir kaupi meira af skjundibita á netinu en þeir sem séu í hjónabandi. ■

Markaðsaðstæður ákjósanlegar nú

magdalena@frettabladid.is

Ríkisstjórnin stefnir að því að selja eftirstandandi 65 prósent hlut sinn í Íslandsbanka að fullu á næstu tveimur árum ef markaðsaðstæður verða ákjósanlegar.

Magnús Örn Guðmundsson, forstöðumaður hlutabréfa og blandaðra sjóða hjá sjóðastýringarfyrtækinu Stefni, segir að markaðsaðstæður séu vitanlega ákjósanlegar nú. „Þar sem bankinn er í góðum og batnandi rekstri þá eru markaðsaðstæður ákjósanlegar núna. Bankarnir eru að koma vel út úr Covid-krisunni og mun betur en á horfðist,“ segir hann og bætir við að á næsta ári sé spáð góðum hagvexti þannig að viðspyrnan í efnahagslífinu ætti að vera kröftug og gangur bankanna ætti að vera góður.

„Jafnframt vinnur hóflega hækkanandi vaxtastig með þeim. Ætli þetta

”

Þar sem bankinn er í góðum og batnandi rekstri þá eru markaðsaðstæður ákjósanlegar núna.



Magnús Örn Guðmundsson, forstöðumaður hjá Stefni

verði þá ekki gert í tveimur bitum og fyrri vonandi strax á fyrri hluta ársins 2022. Eins og ég sagði teldi ég eðlilegast að þetta væri gert eftir arðgreiðslu, vonandi af stærri gerðinni.“

Hann bætir við að umfram eigið fé bankans sé líklega um 40 milljarðar svo umfangið sem á eftir að selja sé töluvert.

„Markaðsvirði 65 prósent hlutar er um 160 milljarðar miðað við gengið í dag og það er skemmtileg tilviljun að það er nánast sama upphæð og heildarmarkaðsvirði Íslandsbanki var í útboðinu sumar. Það er líka ótrúlegt að rifja það upp að eftirspurnin var tæplega 500 milljarðar í útboðinu en það var auðvitað fyrir skráningu og eiginlegt markaðsverð.“

Hann segir jafnframt að sala á hlut ríkisins í Landsbankanum sé seinni tíma mál og um það sé líklega samstaða í ríkisstjórninni. ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IVIS



Stefán segir að Reykjavík sé uppáhalds-borgin en hann hefur ferðast víða.

FRÉTTABLAÐID/
EYÞÓR

Reykjavík uppáhaldsborgin

Svipmynd Stefán Friðriksson

Nám: Kvennaskólinn í Reykjavík 1997-2002, óútskrifaður. Nám fyrir stjórnendur í leikja-iðnaði hjá Aalto University árið 2017.

Störf: CCP Games; leikjahönn-uður 2006-2013. Rovio Entertainment; Lead Game Designer, Design Manager & Game Lead 2013 - 2021. Solid Clouds; yfirleikjahönn-uður 2021-.

Fjölskylduhagir
Eiginkona: Johanna Pauliina Sjöman (frá Finnlandi).
Börn: Jónas Erik Stefánsson og Emil Snorri Stefánsson, tvíburar fæddir 2012.

Stefán Friðriksson tók nýverið við starfi yfirleikjahönnuðar hjá Solid Clouds. Hann segir að helsta áskorunin fram undan sé að gefa út nýjasta leik Solid Clouds, Frontiers. Hann hefur gaman af tölvuleikjum, körfubolta og því að hlusta á hljóð-bækur.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef alltaf haft gaman af tölvuleikjum og safnkortaspilinu Magic: the Gathering, sem er reyndar líka tölvuleikur þessa dagana. En það sem ég eyði langmestum tíma í eru hljóðbækur og podköst sem ég skelli alltaf í gang þegar ég geri hluti sem þurfa ekki mikla hugsun, eins og göngutúra, strætóferðir eða heimilisverk. Svo spila ég körfubolta tvisvar í viku og fylgist með NBA-deildinni.

Hvernig er morgunrútin þín?

Það fer allveg eftir deginum. Flesta virka daga byrja ég á kaffibolla og útbý morgunmat með konunni minni fyrir strákana okkar tvo. Svo þegar þeir röltu af stað í skólann þá fer ég í sturtu og fæ mér svo kaffibolla nr. 2 (já, ég er með kaffi-vanda-mál) á meðan ég skoða NBA-úrslit næturinnar. Svo skelli ég mér í vinnuna.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það hlýtur að vera Flow, the psychology of optimal experience, eftir Mihaly Csikszentmihalyi sem lést fyrir rétt rúmum mánuði. Hann var brautryðjandi í rannsóknunum á hamingju og sköpunarkrafti. Flow kenndi mér marga hluti um bæði leikjahönnun og hvernig á að lifa í núinu og vera hamingjusamur.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Þegar allt fyrirtækið Rovio fór að vinna að heiman þá hafði ég yfirmumsjón (e. game lead) yfir leiknum Angry Birds Match. Það að flytja alla okkar ferla og fundi yfir á netið og halda góðum mörál í teyminu var mjög krefjandi. Við tókum snemma ákvörðun um að nota sem minnst af beinum skilaboðum milli fólks (í Slack-spjallforritinu) og nota frekar þræði í teymis-rásunum þar sem aðrir gátu séð hvað rætt var um. Það var góð leið til að herma eftir þessum litlu spjöllum um vandamál og lausnir í leiknum sem koma upp frá degi til dags þegar allir vinna hlið við hlið á skrifstofunni.

Hvað felst í nýja starfinu?

Sem vörubróunarstjóri (e. head of product) þá er ég yfir hönnunarteyminu og ber ábyrgð á gæðum leikjahönnunar, hönnunar tekju-öflunarkerfa og notendareynslu. Þar að auki mun ég vinna við

markaðssetningu leiksins, vegna þess að það að ná í notendur á snjallsímaleikjum grundvallast á beinni markaðssetningu (e. performance marketing) þar sem hönnun markaðssetningar og leiks þurfa að haldast í hendur. Það eru til að mynda mörg dæmi núna um að markaðssetning sem hittir í mark er að hafa áhrif á það hvernig leikirnir eru síðan þróaðir áfram, eins og til dæmis í Homescapes frá Pixonic sem er einn af tekjuhæstu snjallsímaleikjum síðustu ára.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Það er fyrst og fremst að gefa út nýjasta leik Solid Clouds, Frontiers. Flestir snjallsímaleikir eru fyrst gefnir út í svokölluðu soft launch, þar sem leikurinn er gefinn út í fáum löndum án mikillar markaðssetningar. Þetta er gert til þess að byrja að safna gögnum um hvernig spilarar eru að nota leikinn svo við getum tekið ákvarðanir um hvað þarf að bæta áður en leikurinn er gefinn út fyrir allan heiminn.

Það sem gerir þetta starf og þennan snjallsímabransa svo áhugaverðan er að maður er alltaf að læra og betrumbæta. Þegar leikur kemur út, þá er það bara byrjunin. Þá taka við vísindin þar sem gerð eru samanburðarpróf (e. AB test) í bæði leiknum sjálfum og markaðssetningu og við hverja ítrun verður varan betri.

Hver er þín uppáhaldsborg?

Reykjavík, engin spurning. Eftir að hafa ferðast víða og búið í Atlanta í tvö og hálft ár og svo Helsinki í rúm átta ár, þá líður mér samt best í heimaborginni. Ég missti reyndar nánast algerlega af ferðaðíðnaðarbyltingunni, þannig að það hefur ýmislegt breyst síðan ég bjó þar síðast, en Reykjavík er enn besta borgin fyrir mig. ■

Metfjöldi frá Íslandi á Slush

helgivið@frettabladid.is

Þrjátíu og níu íslensk fyrirtæki munu fara á nýsköpunarráðstefnu Slush sem haldin verður í Finnlandi í dag og á morgun, að sögn Jarþrúðar Ásmundsdóttur, fagstjóra hjá Íslandsstofu. „Aldrei hafa jafn margir farið frá Íslandi á ráðstefnu, eða um 80 manns,“ segir hún í samtali við Markaðinn.

Þrír Íslendingar munu flytja erindi á stóra sviðinu: Ari Helgason, sem vinnur að stofnun fjárfestingasjóðs með Davíð bróður sínum, stofnanda Unity Games, Guðmundur Kristjánsson, stofnandi Lucinity sem þróað hefur gervigreind til að aðstoða banka við að koma auga á



Jarþrúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hjá Íslandsstofu

peningaþvætti, og Guðmundur Hafsteinsson, stofnandi Fractal 5 sem vinnur að þróun á hugbúnaði til að efla tengslanet fólks.

„Slush laðar til sín helstu fjárfesta á sviði nýsköpunar í Evrópu. Viðburðurinn hefur vaxið ár frá ári en í ár seldist hratt upp vegna þess að sett var hámark á miðasölu í ljósi

Covid-19 heimsfaraldursins,“ segir Jarþrúður. Ef marka má Facebook-síðu Slush má búast við þrjú þúsund manns.

Íslandsstofa heldur utan um tvo viðburði fyrir íslensk fyrirtæki og vísisjóði til að kynna sig annars vegar fyrir fjárfestum og hins vegar fjölmiðlum. „Þetta verður stærra í sniðum en áður. Það er öflug flóra af sprotum á Íslandi sem eru í mikilli markaðssókn. Slush er kjörinn vettvangur til að komast í tengsl við fjárfesta til að fjármagna vöxtinn sem fram undan er,“ segir Jarþrúður.

Á meðal íslenskra fyrirtækja sem sækja Slush má nefna Solid Clouds, Men&Mice, Overtune, Sportabler, Smitten og 1939 Games. ■

Vinsælu Hvíldarsófarnir væntanlegir aftur í byrjun desember

SX 80532

Vandaðir sófar með rafstillanlegum sætum.

Tryggðu þér eintak



Sjá nánar á patti.is

Kíktu í heimsókn og prófaðu!

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Ginningarfífl



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Við erum líklega með eina dýrustu bjórkrús í Evrópu. Mér finnst ekki endilega að það eigi að vera þannig. Mér finnst að við ættum að geta verið með sambærileg verð og eru í löndum sem eru á svipuðum slóðum og Ísland. Svo mælti Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á opnum Zoom-fundi Sjálfstæðismanna síðastliðið sumar. Á fundinum var hann inntur eftir því hvenær stæði til að gera eitthvað almennilegt varðandi skattaálögur á áfengi. Stutta svar fjármálaráðherra var: „Það er mín skoðun að við séum komin algjörlega út í ystu mörk á skattlagningu.“

Sami fjármálaráðherra leggur nú til að áfengisgjaldið verði hækkað enn eina ferðina um sín venjubundnu 2,5 prósent.

Það er gjarnan sagt um ríkisstjórnina að þrátt fyrir að flokkarnir sem standa að henni séu ólíkir myndi samstarf þeirra jafnvægi þar sem „öfgarnar“ á sitt hvorum pólnum styttist út. En áhrifin eru ekki síður að það versta í fari hvers og eins þeirra kæfir bestu kosti hinna.

Frjálslyndi Sjálfstæðismanna vikur fyrir forræðishyggju VG og kapitalisminn í Sjálfstæðisflokknum jarðar áhuga Vinstri grænna á félagslegu réttlæti, heilsu- og umhverfisvernd. Í miðjunni stendur Framsókn, samnefnari helstu bresta samstarfsflokka, með pálmann í höndunum og þarf hvergi að gefa eftir.

Fyrirnefnd skoðun Bjarna um álögur á áfengi, sem hlýtur að vera útbreidd í Sjálfstæðisflokknum, er brottrekstrarsök hjá Vinstri grænum sem líta á sig sem stranga uppallendur þjóðarinnar. Það eigi að tukta fólk til að hætta að reykja og pína það til að stilla sig um drykk með því að setja það á hausinn.

Allir vita að þetta óumbeðna uppeldi kemur harðast niður á þeim sem verst standa í þjóðfélaginu: fátækum, fólki með fíknivanda og alkóhólistum. Þar sem Vínbúðin er ekkert annað en sælkeraverslun með munaðarvörur, beina hinir veikustu viðskiptum sínum í auknum mæli til bensinstöðva þar sem rauðsprittið er selt. Það er allur árangurinn af uppeldinu.

Önnur réttlætning fyrir skattþiningunni er að afla þurfi fjár fyrir háum kostnaði samfélagsins af áfengis- og tobaksneyslu.

Skoðum þá fjárlagafrumvarpið aftur. Þar kemur fram að fjárframlög til SÁÁ hækka ekkert þótt tekjur ríkisins af áfengissköttum hækki um marga milljarða, bæði á þessu ári og því næsta. Það verður að teljast ólíklegt að vinstri hönd ríkisstjórnarinnar nái að betla eitthvað af þessu fé úr þeirri hægri, enda líklegast að miðstykkíð hirði gróðann og breyti í bundið slitlag. ■

Halldór



Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Fullorðinsmálaráðuneytið

Það er synd að forystufólk ríkisstjórnarinnar hafi ekki verið með beint streymi úr Ráðherrabústaðnum þegar þau settu allar ríkisstofnanir og málefni í bingótromlu til að flokka þau niður á ráðuneyti. Þannig skapaðist mikill ruglingur þegar svo virtist sem Guðlaugur Þór Þórðarson væri orðinn ráðherra samkvæmisdansa, kom í ljós að hann er ráðherra þjóðdansa þar sem samkvæmisdansar heyrir undir félagsmálaráðuneyti. Súludansbannið verður í nýju fullorðinsmálaráðuneyti. Ekki furða að enginn viti hver á að byggja nýjan þjóðarleikvang.

Ó mæ krón

Á meðan þessi ruglingur stendur yfir veit enginn hvort við eigum að vera hrædd við nýja Omíkrón-afbrigðið. Það hljómar ískyggilega mikið eins og geimvera frá öðrum hnetti, sem sum okkar biða eftir að geri vart við sig, eða vélmenni sem Elon Musk missti stjórn á. Í raun er þetta eðlilegt framhald af Alpha, Delta og ýmsum öðrum afbrigðum sem hafa ekki ratað í fréttir og eru nefnd eftir gríska stafrófinu. Verður gríska stafrófið líklega það furðulegasta sem faraldurinn mun skilja eftir sig. ■

Búum til betri heim



Stefania
Sigurðardóttir
stjornarkona í
Kvenréttindafélagi
Íslands

Í desember er okkur tamt að hugsa um þá sem minna mega sín. Við sem eigum nóg ættum að deila með þeim sem eiga um sárt að binda. Söngtextinn sem hefur ómað nánast hver jól á mínu heimili segir að kærleikurinn sé hinn mikli sjóður og hvetur okkur til að sameinast, til að hjálpa.

Þessi mynd sem söngsmiðurinn rammaði svo vel inn á enn við í dag, en í stað þess að að horfa á þjáningar á sjónvarpsskjánum stöndum við nú augliti til auglitis við fólk sem flúið hefur til Íslands í leit að hæli. Okkur gefst tækifæri til að sýna hugsjónir okkar í verki og veita þeim athvarf.

Válegar aðstæður

Ísland hefur verið kallað jafnréttisparadís og til okkar leita konur sem hefur verið misþyrmt, oft fyrir það eitt að vera konur. Þær eru limlestar, þeim er nauðgað og seldar manna á milli. Sumar ná að flýja og reyna að finna sér betra líf, líf sem byggir á kvenréttindum og kærleik.

Vegna staðsetningar okkar í miðju Atlantshafi koma konur sjaldnast beint til Íslands frá kúgunarríkinu. Þær stoppa í öðrum löndum á leiðinni, oft Grikklandi, áður en þær lenda á ströndum okkar. Aðstæður í Grikklandi eru skelfilegar, lífið er hart og ofbeldið í flóttamannabúðunum mikið.

Auðgum samfélagið

Þrátt fyrir þetta harðræði, senda íslensk stjórnvöld þessar konur sem hafa upplifað ofbeldi til baka í ofbeldið, án þess að veita þeim hæli. Í jafnréttisparadísinni Íslandi finna konur harðneskju í stað kvenréttinda og kærleiks.

Í dag fögnum við fullveldi íslensku þjóðarinnar. Íslensk stjórnvöld hafa brugðist skyldum sínum í samfélagi þjóðanna með því að taka ekki á móti konum í viðkvæmri stöðu og veita þeim viðeigandi stuðning. Sameinunumst öll og hjálpum þeim, tökum á móti konum í viðkvæmri stöðu og veitum þeim skjól hér. Þær eiga eftir að auðga samfélag okkar. ■

Liðskiptiaðgerðir í Kaupmannahöfn

CPH spítalinn í Kaupmannahöfn þjónustar Íslendinga varðandi liðskiptiaðgerðir og fleira. Þar sem bið eftir aðgerð er lengri en 3 mánuðir hér á landi eiga Íslendingar almennt rétt á að Sjúkratryggingar Íslands greiði kostnað við aðgerð og ferðalag fyrir sjúkling og fylgdarmanneskju við að sækja aðgerð á viðurkennendum spítölum erlendis. Biðlistinn hjá CPH er í aðeins um 1 mánuður.

Þegar hafa allmargir Íslendingar nýtt sér þjónustu CPH.

Nánari upplýsingar á <https://hei.is/liðskipti/> og í síma 8 200 725



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 1. desember 2021

KYNNINGARBLAÐ



Jóladagatalið verður opnað í dag, miðvikudaginn 1. desember.

Jóladagatalið er opnað í dag

starri@frettabladid.is

Stúlkan sem skemmdi (næstum því) jólin er saga jóladagatsins í ár hjá Borgarbókasafninu og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO 2021. Sagan er skrifuð af Heiðu Vigdísí Sigfúsdóttur og Joav Gomez Valdez teiknaði myndirnar.

Jóladagatal Borgarbókasafnsins er alltaf stór viðburður á safninu en einn kafli og mynd eru gefin út daglega á tímabilinu 1.-24. desember.

Sagan fjallar um átta ára forvitna stelpu sem fer óvænt af stað í háskaför þegar hana langar mikið í lítinn sætan kettling. Á leiðinni kynnist hún ýmsum persónum sem flestir Íslendingar héldu að byggju ekki í mannheimum. Sagan snýst líka um hinn sanna jólaanda, eða um það sem skiptir raunverulega máli á jölunum. Auk þess má segja að sagan fjalli líka um ketti í fjölbýlishúsum og hve undarlegt fullorðið fólk getur verið.

Skólakrakkar velkomnir

Leikskóla- og skólahópar eru sérstaklega velkomnir í notalega sögustund þar sem börnin fá að opna glugga dagsins í jóladagatalinu og hlusta á upplestur á meðfylgjandi kafla. Í lok sögustundar fá börnin sérstakan jóladagatalsglaðning.

Kaflarnir birtast auk þess á vef safnsins, á Facebook og hægt er að hlusta á Spotify.

Hægt er að panta tíma fyrir skólahópa á vef Borgarbókasafnsins.

Nánari upplýsingar á borgarbokasafn.is. ■



Mavic 3 er nýjasti dróninn hjá DJI og almennt talinn einn besti dróni á markaðnum. Hann uppfyllir ströngustu gæðastaðla og hentar vel fyrir bæði harða áhugamenn og fagfólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hægt að finna listaverk úr loftinu

DJI Reykjavík er eina viðurkennda verslunin á Norðurlöndunum fyrir DJI, sem hefur verið leiðandi í drónum í langan tíma. Það er auðvelt og skemmtilegt tómstundagaman að fljúga drónum og verslunin býður upp á frábært úrval af nýjustu og bestu drónum sem völ er á. **2**

„DJI Reykjavík er eina viðurkennda verslunin á Norðurlöndum fyrir DJI, en DJI fækkaði þeim verslunum sem eru viðurkenndar á þessu ári vegna þess að þeir fóru að gera auknar kröfur til þeirra varðandi þjónustu, útlit, staðsetningu, stærð og veltu,“ segir Sigurður Helgason, stofnandi og eigandi DJI Reykjavík. „Fyrir vikið erum við núna eina viðurkennda verslunin á öllum Norðurlöndunum, en þær voru áður fimm. Við fórum í gegnum strangt ferli þar sem þeir tóku okkur út og lögðu mat á hvort þeir vildu halda áfram nánu samstarfi og það er mikil viðurkenning fyrir okkur að vera eina verslunin á Norðurlöndum sem stóðst þessar auknu kröfur.“

Leiðandi í drónum

„Fyrirtækið DJI er búið að vera leiðandi í drónum frá því að drónar fóru að seljast að einhverju ráði og nú er markaðshlutdeild þeirra um 70% af öllum seldum drónum í heiminum,“ segir Sigurður. „Sérstaða fyrirtækisins er að það leggur gríðarlega mikla áherslu á þróun og er með hlutfallslega mun fleiri verkfræðinga í vinnu hjá sér við að þróa nýjar vörur en samkeppnisaðilarnir.

DJI vinnur líka með háskóla í kínversku borginni Shenzhen og háskólanemar sem eru að læra verkfræði þar vinna fyrir DJI í verknámi,“ segir Sigurður. „Ég held að þetta sé líka styrkur hjá þeim, að fá alltaf reglulega nýtt fólk með ferskar hugmyndir að borðinu.“

Létt og skemmtilegt tómsundagaman

„Það er hrikalega auðvelt að fljúga dróna og við viljum meina að það taki meðalmanninn svona þrjár mínútur að átta sig á hvernig maður flýgur honum en þeir sem eru vanir tölvuleikjum ná þessu á svona 30 sekúndum,“ segir Sigurður. „Þetta er miklu einfaldara og auðveldara en fólk gerir sér oft grein fyrir.

Þetta er mjög skemmtilegt tómsundagaman og mitt líf breyttist við að fljúga dróna í fyrsta skipti. Ég var enginn sérstakur náttúruunnandi fyrir, en eftir að ég eignaðist dróna varð ég alveg „hooked“ á íslenskri náttúru,“ segir Sigurður. „Núna keyri ég stundum lands-horna á milli, kannski 500 km, bara til að ná einhverjum sérstökum birtuadstæðum fyrir eitt mynd-skeið. Þetta er mjög skemmtilegt og maður finnur listaverk úr loftinu.

Það eru örugglega margir sem vilja dróna fyrir jólin og það eru þrír drónar sem ég held að verði vinsælastir um þessi jól,“ segir Sigurður. „Fyrst ber að nefna DJI Mini 2, sem er góður byrjenda-dróni. Hann er físléttur og undir 249 grömmum, en þrátt fyrir það er hann rosalega öflugur og ræður við allt að 10 m/s vindhraða. Hann er með 30 mínútna flugtíma, getur flogið allt að 6 km frá fjarstýringunni, tekur 4K myndbönd og 12 megapixla myndir í raw og jpg.“

Reynslulausir geta gert flotta hluti

„Svo er það DJI Air 2S, sem er fyrir þá sem gera aðeins meiri kröfur um gæði og upplausn. Það er mjög fullkominn dróni sem gerir manni kleift að taka upp ótrúlega flott myndbönd, jafnvel strax á fyrsta degi ef maður kynnir sér eigin-leikana sem eru í boði, því hann getur meðal annars hjálpað þér að mynda viðfangsefni,“ segir Sigurður. „Þú getur sagt drónanum að mynda einhvern bíl eða persónu og sama hvernig þú flýgur drón-anum er myndavélin alltaf læst á viðfangsefnið. Þannig er hægt að gera ansi flottar hreyfingar, „fly-by“ og annað, án þess að hafa neina



DJI Mini 2 er góður byrjendadróni. Hann er físléttur og undir 249 grömmum, en þrátt fyrir það er hann mjög öflugur. Hann er með 30 mínútna flugtíma og getur flogið allt að 6 km frá fjarstýringunni og er með hágæða myndavél.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



DJI Reykjavík er eina viðurkennda verslunin á Norðurlöndum fyrir DJI, en DJI fækkaði þeim verslunum sem eru viðurkenndar á þessu ári eftir að fyrir-tækið fór að gera auknar kröfur til þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sigurður segist hafa fallið fyrir íslenskri náttúru eftir að hann eignaðist dróna. Þessi mynd minnir á málverk eftir Salvador Dali.

MYND/ADSEND

reynslu af því að mynda með dróna.

Hann er líka með árekstrar- og umhverfisskynjun, 20 megapixla myndavél með 5,4K upplausn og einnar tommu myndflögu. Hann er rosalega skemmtilegur og hefur verið mjög vinsæll hjá þeim sem gera meiri kröfur,“ segir Sigurður. „Hann er um leið líka ágætis byrjendadróni og hefur selst alveg gríðarlega vel hjá okkur í ár.“

Einn besti dróni á markaðnum

„Nýjasti dróninn er Mavic 3, en það er dróni sem hefur verið beðið eftir lengi. Hann kom bara núna í nóvember og er almennt talinn einn besti dróninn á markaðnum. Hann er líka pro zoomer, sem þýðir að hann uppfyllir ströngustu gæðastaðla,“ segir Sigurður. „Þessi dróni er fyrir harða áhugamenn og fagfólk. Hann er með Hassel-blad myndavél sem skartar 4,3 tommu myndflögu, svo hann er mjög ljósnæmur og virkar því vel við lág birtuskilyrði. Hann er líka með fullkomnustu árekstrarvörn sem sést hefur í DJI drónum, 5,1K upplausn og getur tekið myndскеið sem eru 120 rammar á sekúndu í 4K upplausn.

Svo eru líka nokkrir fleiri eiginleikar sem eiga eftir að koma í þennan dróna í janúar, meðal annars hugbúnaðurinn til að elta viðfangsefnið og ýmsir sjálfvirkir eiginleikar,“ segir Sigurður.

Byltingarkenndar ferðarafstöðvar

„Við erum líka með nýja vöru

sem heitir Ecoflow, en á þessu ári urðum við viðurkenndur söluaðili fyrir vörumerkið. Það eru ferða-rafstöðvar fyrir ýmiss konar tæki sem geta hentað bæði fólki sem er að mynda mikið og þarf að vera að hlaða drónarafhlöður allan daginn og þeim sem vilja keyra tölvuna sína eða jafnvel húsbilinn á þessu rafmagni. Þetta eru mjög öflugar rafstöðvar sem menga ekki,“ segir Sigurður. „Við eigum mismunandi stærðir, en ég get til dæmis notað næstóðýrustu gerðina til að hlaða allt að 10 drónarafhlöður, þannig að þetta gerir manni kleift að vera í algjöru maraþoni að mynda án þess að þurfa að stoppa til að hlaða.

Það sem er líka rosa gott við þessar stöðvar og einstakt við þetta vörumerki er að það er hægt að hlaða þetta upp í 80% á aðeins klukkutíma,“ segir Sigurður. „Þann-ig að þú getur stoppað í vegasjoppu til að fá þér bita og hlaðið raf-stöðina á meðan. Þetta hefur verið algjör bylting fyrir allt græjufólk á ferðalagi.“

Selja hristijöfnun fyrir snjallsíma

„Við erum líka með gimbal, eða hristijöfnun, frá DJI sem heitir OM 5. Það tekur allan hristing úr myndbandsupptökum, þannig að sama þó að maður sé að hlaupa, labba eða fara upp og niður stiga þá hristist myndefnið ekki neitt,“ segir Sigurður.

„Nýjungin í þessar línu er að þú getur dregið út handfangið svo að það virki líka sem selfie-stöng. Þetta er líka með hugbúnað til að elta viðfangsefnið og ræður við allar stærðir af snjallsímum.“

Öflug myndavél sem passar í vasa

„Svo erum við líka með Osmo Pocket, en það er lítil myndavél sem er hægt að hafa í vasanum. Ef maður vill hafa virkilega góða myndavél með hristijöfnun og hugbúnað til að elta viðfangsefni á sér er þetta mjög hentug lausn,“ segir Sigurður. „Það fer mjög lítið fyrir þessu og það tekur bara fimm sekúndur að byrja að taka upp, þannig að þú getur fangað augna-blikið áður en það er liðið.

Ég hef sjálfur oft verið með þessa vél á mér þegar börnin mín eru að gera eitthvað og ég vil geta fangað augnablikið. Maður getur dregið þetta upp og byrjað að mynda án þess að standa í neinni upp-setningu og myndavélin getur tekið allt að 60 ramma á sekúnda í 4K og getur líka tekið stórar myndir, timelapse og hyperlapse.“

Glæný jaðarsportmyndavél

„Síðast en ekki sist erum við svo með DJI Action 2, en það er nýjasta jaðarsportsmyndavélin. Hún er splunkuný og kom bara út núna í nóvember,“ segir Sigurður. „Með hinni nýju DJI Action 2 myndavél er verið að brjóta upp hefðbundnar hugmyndir um jaðarsportsmynda-vél. Hún kemur í tveimur hlutum sem smellt er saman á tryggan og einfaldan máta. Þessir tveir hlutar samanstanda af myndavél með skjá að aftan og svo rafhlöðukubb með skjá sem snýr fram, ásamt því að vera með MicroSD rauf og hleðslu-tengi. Myndavélin er með stærri myndflögu og er víðari en sam-bærilegar vélar og getur tekið upp allt að 120 ramma á sekúndu í 4K upplausn.“

Ef myndavélin er notuð stök þá er hún lítil og nett og það er hægt að nota hana sem fyrstu persónu sjónarhorn, en 30 GB minni er inn-byggt í vélinni sjálfri, svo hún getur tekið upp töluvert af efni. ■

Nánari upplýsingar um drónana er að finna á dji.is og verslunin er staðsett á Lækjargötu 2A

Sefur rótt eftir margra ára svefntruflanir

Þorgeir Valur Pálsson, 48 ára lagerstjóri, hefur fundið fyrir óþægindum vegna svefntruflana í mörg ár. Þá vaknaði hann að meðaltali tvisvar hverja nótt. Nú tekur hann inn Sofðu rótt frá ICEHERBS og sefur út alla nóttina án þess að rumska.

Þorgeir byrjaði að taka inn Sofðu rótt frá ICEHERBS í byrjun september eftir að hafa fundið fyrir svefntruflunum í mörg ár. „Ég sef alla jafna fast þegar ég sofna. En svo rankaði ég vanalega við mér á ákveðnum tímapunkti á nóttunni og átti oft erfitt með að festa svefn aftur. Þá var ég að meðaltali að vakna tvisvar sinnum svona á nóttu, stundum til að pissa en oftast virtist ekki vera nein sérstök ástæða fyrir því,“ segir Þorgeir.

„Raunar tengi ég svefntruflanirnar ekki við neitt sérstakt, hvorki kvíða né stress. Og það getur vel verið að ég hafi alltaf verið svona, en að með aldrinum þá finni ég meira fyrir áhrifunum af svefnleysinu. Ég byrjaði líka að finna sérstaklega fyrir því hversu mikilvæg hvíldin er eftir að ég fór að æfa meira í líkamsræktinni, en ég byrjaði að lyfta og æfa stífar fyrir fjórum árum.“

Fann mun á nokkrum dögum

Þorgeir var að ræða um nætur-rumskið sitt og þá benti einhver honum á að Sofðu rótt gæti kannski hjálpað. „Fyrst keypti ég mér eitt hylkjaglas til að kanna áhrifin. Eftir að hafa tekið eitt hylki á hverju kvöldi í nokkra daga þá byrjaði ég að finna mun á mér. Það tók mig nokkra daga að fatta muninn, enda hafði ég einstaka sinnum áður náð að sofa út alla nóttina. En þarna náði ég skyndilega, eftir margra ára svefn-



Þorgeir Valur var snöggur að finna fyrir mun á svefngæðum eftir að hann byrjaði að taka Sofðu rótt frá ICEHERBS á hverju kvöldi.

FRÉTTABLAÐID/
SIGTRYGGUR ARI

hefur verið notuð um aldir við þunglyndi, svefnvandamálum, kvíða og streitu. Þá er hún þekkt fyrir að virka almennt slakandi og róandi, og á að bæta eðlilegan og samfelldan svefn.

Rannsóknir á magnolíu hafa sýnt fram á að hún inniheldur virk efni, sem vítað er að hafi áhrif á andlegt jafnvægi. Virku efnin í magnolíuberkinum eru þannig þekkt fyrir að örva boðefni í heilanum og koma jafnvægi á hormónið kortísón. Þau geta virkað almennt slakandi og róandi og bæta eðlilegan og samfelldan svefn.

Sofðu rótt blandan inniheldur einnig íslensk fjallagrös sem eru oft nefnd gingseng Íslands. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járni og kalsíum. Fjallagrös hafa verið þekkt fyrir vatnslosandi áhrif sín og geta hjálpað til við að draga úr bjúg. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem hafa reynst vel við þyngdartap, geta bætt meltingu og styrkt þarmana.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavinum. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni.“ ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á iceherbs.is.



truflanir, að sofa fastasvefni alla nóttina án þess að rumska, margar nætur í röð.“

Sefur eins og lamb

„Í dag tek ég Sofðu rótt á hverju kvöldi, um hálf ellefu og steinlegg út alla nóttina þar til ég vakna um morguninn. Ég hef aldrei viljað fara á svefnlyf og finnst gott að vita til þess að Sofðu rótt er náttúruleg vara. Ég finn líka fyrir fótáðeirð á

næturnar og mest þegar ég er að reyna að sofna. Þá finn ég sérstaklega fyrir því þegar ég hef tekið vel á í rækinni þann daginn. Við fótapírringnum tek ég magnesíum og saman virka þessi tvö bætiefni mjög vel á mig og ég sef eins og steinn.

Ég finn líka fljótt mun ef ég gleymi að taka hylkið. Dæmi um það gerðist bara í fyrradag. Þá gleymdi ég að taka inn Sofðu rótt fyrir svefninn. Sömu nótt vaknaði ég þrisvar sinnum, sem hafði ekki gerst lengi. Svo í gærkvöldi tók ég hylkið og svaf eins og lamb,“ segir Þorgeir.

Náttúrulega slakandi og róandi

Náttúrulegar lausnir eins og jurtir og lækningajurtir hafa verið notaðar langt aftur í aldir um heim allan. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar, ekki klíniskar þó, en þær eiga það sameiginlegt að

sýna fram á virkni lækningajurta. Flestar lækningajurtir eru skaðlausar og því er greiður aðgangur að þeim. Náttúrulegar lausnir hafa lengi virkað vel á fjölmarga enda er sú leið oft valin ef fólk vill komast hjá lyfjanotkun. ICEHERBS býður upp á náttúrulega lausn við svefnvandamálum, en gríðarlega stór hópur fólks velur að reyna við náttúrulegar lausnir áður svefnlyf eru notuð.

Sofðu rótt í alla nótt

Sofðu rótt frá ICEHERBS inniheldur magnolíubörk og íslensk fjallagrös. Saman virka þessar tvær jurtir einstaklega vel til þess að bæta svefn á náttúrulegan og heilbrigðan hátt. Þessi öfluga blanda hentar vel fyrir þá sem vilja aðstoð við að ná betri, jafnari og samfelldum svefni sem og bæta andlega liðan.

Þessi magnaða jurt, magnolia,

Öll skynfærin notuð til að upplifa mat

Sigrún Þorsteinsdóttir sálfræðingur rannsakaði í doktorsverkefni sínu hvernig hægt er að grípa inn í matvæðni barna.

starri@frettabladid.is

Rannsóknin og helstu niðurstöður hennar voru kynntar á ráðstefnu um nýsköpun í heilbrigðisvísindum sem haldin var föstudaginn 19. desember.

Nýlega fengu Sigrún Þorsteinsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi, og doktor Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, þrjár ritrýndar vísindagreinar birtar á alþjóðavettvangi með niðurstöðum úr rannsókn á árangri nýs inngríps á matvæðni barna með og án taugaproskaraskana, til dæmis ADHD og einhverfurófsröskun.

Rannsóknin er doktorsverkefni Sigrúnar Þorsteinsdóttur en Anna Sigríður er höfundur og hugmyndasmiður rannsóknarinnar og var lengi búin að ganga með það í maganum að gera slíka rannsókn að sögn Sigrúnar. „Anna Sigríður hefur lengi haft mikinn áhuga á matvæðni, liðan og upplifun barna í tengslum við mat. Hún þróaði Bragðlaukaþjálfun, sem er aðferð þar sem börn eru markvisst þjálfuð í að smakka og upplifa mat með öllum skyn-



færum sínum. Þar fá börn sem eru matvönd, og jafnvel hrædd við mat, að slaka á í kringum mat og upplifa hann með ýmsum skynfærum og leikjum. Um leið eru foreldrar minntir á að kalla börnin sín aldrei matvönd, heldur frekar að segja að þau séu í nokkurs konar þjálfun, það er, bragðlaukaþjálfun.“ Sigrún starfar sem sálfræðingur í Heilsuskóla Barnaspítalans þar sem þær Anna Sigríður hafa unnið saman auk sem hún er einnig með brennandi áhuga á matargerð. „Anna Sigríður fékk mig með í þetta

spennandi verkefni og er einmitt leiðbeinandi minn í þessu doktorsverkefni. Auk hennar er Urður Njarðvík, prófessor í sálfræði, meðleiðbeinandi.“

Matvæðnin minnkaði

Sigrún hélt erindi á ráðstefnu um nýsköpun í heilbrigðisvísindum, sem haldin var í Veröld – húsi Vigdísar, föstudaginn 19. nóvember. Þar sagði hún frá rannsókninni og helstu niðurstöðum hennar. „Rannsóknin var á formi sjö vikna námskeiða í bragðlaukaþjálfun í kennslueldhúsi fyrir fjölskyldur barna með og án taugaproskaraskana.“ Foreldrar fengu jafnframt fræðslu um matarvenjur, matvæðni og næringu, segir Sigrún.

„Það voru tíu foreldrar og börn í hverjum hóp og það má segja að við höfum verið að leika okkur með matinn og nota öll skynfærin til að upplifa mat. Við unnum með fjölbreyttar aðferðir til að draga úr matvæðni barna og gleðin var í fyrirrúmi. Það skiptir nefnilega máli að ýta undir ánægjuna af því að borða.“

Hún segir helstu niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið þær að námskeiðið sem foreldrar og börn sóttu virkaði vel, matvæðni minnkaði hjá börnum eftir þátttöku óháð röskunum og áhrifin héldust til sex mánaða sem er ekki sjálfgefið. „Vísbendingar voru einnig um að ánægja af því að borða hefði aukist. Börnin samþykktu

Sigrún Þorsteinsdóttir (t.v.), sálfræðingur og doktorsnemi, og doktor Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands.

MYND/KRISTINN
INGVARSSON



Það getur verið áskorun að koma grænmeti ofan í börn.

einnig fleiri tegundir af matvælum eftir þátttöku, til dæmis alls konar grænmeti, sem oft getur reynst hvað erfiðast að fá börn til að borða.“

Nýtist á mörgum sviðum

Aðspurð hvernig niðurstöður rannsóknarinnar muni helst nýtast foreldrum og öðrum umönnunaraðilum, segir hún þær enn vera að þróa aðferðir sínar og enn að rannsaka matvæðni. „Við sjáum þó fyrir okkur að bragðlaukaþjálfun geti nýst á mörgum sviðum, sérstaklega inni í skólum þar sem börn með alls konar þarfir geta blómstrað á námskeiði sem þessu. Svo er börnum eðlislægt að vera forvitin og það nýtist heldur betur í bragðlaukaþjálfun.“

Það voru ekki til margar fæðumiðaðar rannsóknir fyrir um áratug, segir Sigrún, en í dag sé meiri áhersla á loftslagsmál, vinnu gegn matarsóun og sjálfbærni. „Fyrir vikið er því meiri vakning um matvæðni samhliða. Þetta getur allt saman haldist vel í hendur og við erum bara rétt að byrja okkar vegferð.“ ■

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og við höfum samband

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27

Sími 552 2125

www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Ókeypis Mahogany hurð ef sótt er
í Grafarvoginn. Opnast til vinstri. S
7724646

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir
krossar á leiði!



JS LJÓSAMÍÐJAN

VEIÐARSTÆÐI
SLÁTTUVEIÐLAUSNIR

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Heilsuvörur



gott
cbd.is

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is



SUÐURNESJABÆR

ÚTBOÐ - LEIKSKÓLI

Suðurnesjabær óskar eftir tilboðum í verkið:
„Leikskóli við Byggðaveg 5“



Verkið felst í að byggja 1.135 m² leikskóla við Byggðaveg 5 í Sandgerði, Suðurnesjabæ. Um er að ræða sex deilda leikskóla á einni hæð. Í þessum áfanga verður byggingin öll fullfrágengin að utan og um 863 m² fullfrágengnir að innan eða fjórar deildir af sex. Aðalbyggingarefni hússins er timbur á staðsteyptar undirstöður og botnplötu og er burðarvirki húss er úr krosslímdum CLT timbureiningum.

Verktaki tekur við byggingasvæði frá jarðvegsverktaka og búið verður að fylla undir undirstöður, aðkomuleiðir og bíla-stæði. Lóðarframkvæmdir og girðing lóðar er ekki hluti að útboði þessu.

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 31. mars 2023.

Útboðsgögn (á tölvutæku formi eingöngu) verða send þeim er þess óska með tölvupósti frá og með **fimmtudeginum 2. desember n.k.** Umsóknir um útboðsgögn skulu sendar á netfangið afgreidsla@sudurnesjabaer.is. Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofu Suðurnesjabæjar, Sunnubraut 4, Garði, **fimmtudaginn 30. desember n.k. kl. 11.00**, að við-stöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Fyrirspurnir varðandi einstaka liði útboðsgagna skal senda á netfangið jon@jees.is innan þess frests sem fram kemur í útboðslýsingu.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggitur málarameistari. Löggitur málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. og 40. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags-og matslýsingar vegna aðal- og deiliskipulagsáætlana auk tillagna deiliskipulagsáætlana.

1. Laugarás – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipu- lagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 og nýs deiliskipulags vegna þéttbýlisins að Laugarási.

2. Bergsstaðir L167202 og L167201 – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027 í landi Bergsstaða. Fyrirhugað er að frístundabyggðin F84 taki breytingum og stækki til norðurs á landi Bergsstaða L167202 en minnki til suðurs á landi Bergsstaða L167201. Landbúnaðarsvæði tekur breytingum samhliða.

3. Selhöfðar í Þjórsárdal – Skipulagslýsing aðal- og deiliskipulags
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýs deiliskipulags vegna ferðamannasvæðis Sandártungu í Þjórsárdal. Skipulagssvæðið afmarkast af tjaldsvæði við Sandártungu til suðvesturs, Sandá til norðvesturs, Selhöfðum til norðausturs og Þjórsárdals- vegi til suðausturs.

4. Stekkjartún, Stóru-Mástungu 2 L166604; Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýs deiliskipulags á um 3,8 ha lands austan við núverandi bæjarhús að Stóru Mástungu 2 úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Samhliða aðalskipulagsbreytingu áforma landeigendur að unnið verði að gerð deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæðisins sem um ræðir þar sem gert verður ráð fyrir þremur lóðum fyrir frístunda- hús.

5. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2019; Íbúðasvæði; Arnarstaðakot og Skálmholt; Skilmálabreyting – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á land- notkun innan aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimiluð verði ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Einnig nær breytingin til tveggja nýrra íbúðarsvæða. Annars vegar í landi Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar og hins vegar í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreind sem íbúðarsvæði.

6. Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að kynna deiliskipulag sem tekur til skipulags tveggja lóða, Kringlugils 1 og 2, úr Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og útihús.

7. Úthlíð; Frístundabyggð – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til frístundabyggðar í Úthlíð. Svæðið er nánast fullbyggt og er í gildi deiliskipulag frá árinu 1993. Vegna fjölda breytinga á því skipulagi, breyttum kröfum til skipu- lags frá því gildandi deiliskipulag var gert og frekari fyrirhugaðra breytinga er áætlað að skipta skipulagssvæðinu í 5 svæði og gera nýjar skipulagstillögur fyrir hvert svæði fyrir sig. Gildandi deiliskipulag mun falla úr gildi að hluta við gildistöku þegar tillaga fyrir hvern áfanga hefur verið samþykkt og í heild þegar öllum áföngunum er lokið. Svæðið er um 430 ha að stærð og liggur vestan Laugarvatnsvegar og er innan jarðanna Úthlíðar I og Úthlíðar II.

8. Hrunamannaafrettur L223267; Kerlingarfjöll; Landvarðaskáli - Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á deili- skipulagi að Kerlingarfjöllum. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að stofna nýja lóð og reisa landvarðarskála skammt norðan Kerlingarfjalla- vegar.

9. Ásgarður; Kerlingarfjöll – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingarfjöllum. Í gildi er deiliskipulag, Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

10. Breyting á skilmálum fyrir frístundasvæði – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa aðalskipulagsbreytingu sem tekur til breytingar á skilmálum aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Tilgangur breytinganna er endurbót á reglum er varðar hámarksbyggingarmagn innan frístundalóða sem falla utan þess að vera á bilinu 5.000 -10.000 fm að stærð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

11. Hraunhólar L166567; Íbúða- og frístundabyggð; Stækkun svæðis og fjölgun lóða – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til deiliskipu- lagsbreytingar í landi Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin felur í sér að íbúðarhúsálóðum er fjölgað úr 4 í 10. Fyrri gildandi deiliskipulög fyrir svæðið falla úr gildi við gildistöku þess nýja.

12. Vatnsleysa L167184 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag í landi Vatnsleysu L167184. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir nýju fjósi allt að 2000 fm.

13. Röðull L198895 – Deiliskipulag
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag vegna Röðuls í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóðar og byggingarreitar auk byggingarheimilda innan lóðar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/, https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/, https://www.fludir.is/, https://www.gogg.is/ og https://www.skeidgnup.is/

Mál nr. 1 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. desember til og með 24. desember 2021.
Mál nr. 10 – 13 innan auglýsingar eru auglýst frá 1. desember 2021 til og með 14. janúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Öfugmæli Kiljunnar um Systu megin



Árni
Óskarsson
þýðandi



Þorleifur
Hauksson
íslensku- og bók-
menntafræðingur

Eðlilegt er að skiptar skoðanir séu um bókmenntagagnrýni í ríkis- miðli, sérstaklega þar sem hún vegur þungt, með því að sáralítill umfjöllun hefur á síðustu árum birst um nýjar bækur á öðrum vettvangi. Fyrr á þessu ári urðu til dæmis talsverðar umræður og deilur á samfélagsmiðlum og víðar um umfjöllun bókmenntaþáttarins Kiljunnar um bók nóbelskáldsins, Peters Handke, Hið stutta bréf og hin langa kveðja. Voru þar á köflum stór orð lätin falla um bágt ástand bókmenntaumfjöllunar hér á landi almennt, og í Kiljunni sérstaklega. Oft er erfitt að leggja hlutlægt mat á gæði slíkrar umfjöllunar en þó eru líklega flestir sammála um að það sé óviðunandi bókmenntagagnrýni þar sem farið er með beinar rangfærslur um þau verk sem um er fjallað, hvað þá ef umfjöllunin er algerlega á skjön við og í beinni mótsögn við bókina sem um er rætt. Því miður á þetta við um meðferð Kiljunnar 10. nóvember 2021 á Systu megin, nýútkominni „leiksögu“ eftir Steinunni Sigurðardóttur.

Bókin fjallar ekki sist um útleð og mannlega reisu í sárri fátækt. Hún á beint erindi við okkar tíma, einnig vegna þess að við sögu kemur útlendingaþrælkun og kúgun í mörgum myndum. Aðalpersónan Systa býr við eins ömurlegar aðstæður og hugsast getur, í örlitilli kaldri kjallaraholu í Þingholtunum, gjörsneyddri öllum nútímaþægindum, og framfleytir sér með því að safna dós. Sagan er að hluta sögð í fyrstu persónu, Þorgeir Tryggvason lét í ljós það álit í fyrirnefndum Kiljuþætti að lýsingar hennar sjálfrar á þessu lífi bæru því vitni að henni þætti það nánast eftirsóknarvert. Og þá er stutt í þá athyglisverðu ályktun hans að það sé „eins og þetta sé ekki bók um heimilisleysi og sára fátækt heldur um mínimalískan lífsstíl“.

